

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, FA, umræðu um merkingu iðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Í öllum tölublöðum höfum við velt fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni FA. Sem fyrr teljum við þörf fyrir að þau hugtök sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Umfjöllun um slík hugtök hefur því verið fastur þáttur hér í ársritinu Gátt, með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra iðorða sem notuð eru um hugtökin. Í dag eru hugtökin að nálgast áttunda tuginn sem við höfum varpað fram skilgreiningum á.

FA gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Innan FA hefur verið starfandi hópur sérfræðinga sem veltir fyrir sér heppilegri iðorðanotkun og prófar sig áfram með ólík iðorð. Þar sem umræða um hugtökin hefur ekki þótt hafa komist á nægilegt flug, ákváðum við snemma á árinu 2009 að setja á laggirnar svokallaðan hugtakahóp og bjóða til samstarfs sérfræðingum frá öllum helstu stofnunum sem koma að málefni. Hópnum er ætlað að skilgreina hugtök sem varða nám og menntun fullorðinna. Eins og fram kom í Gátt 2009 ákvað hópurinn að beita sér fyrir þýðingu á orðaskrá um evrópska menntastefnu og fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verksins. Elísabet Gunnars-

dóttir var ráðin sem þýðandi og vann hópurinn með henni. Verkinu var skilað til ráðuneytisins í október 2009. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi listann til Starfsmenntastofnunar Evrópu, CEDEFOP, og er hann nú aðgengilegur á vef stofnunarinnar ásamt listum á 13 öðrum tungumálum, þar af tveimur norrænum, norsku og sænsku. Þá hefur orðalistinn verið færður inn í orðabanka Íslenskrar málstöðvar (www.ordabanki.hi.is) og einnig verður hægt að sækja hann í heild á PDF-formi á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (www.arnastofnun.is).

Í ellefta tölublaði Gáttar höfum við ákveðið að líta til hugtaka sem tengjast starfsmenntun og vinnustaðanámi. Eins og áður eru sett fram ensk iðorð og tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum. Enn eru öll iðorðin af CEDEFOP-listanum en hann er einkum ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Listinn er ekki tæmandi skrá hugtaka sem sérfræðingar nota, heldur er honum ætlað að taka til lykilhugtaka sem nauðsynleg eru til þess að bera skynbragð á menntun og þjálfun í Evrópu.

Við í ritstjórn Gáttar erum okkur meðvituð um að allri hugtakaumfjöllun þarf að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig um skilgreiningarnar og gera í kjölfarið úrbætur. Því bjóðum við öllum þeim sem áhuga hafa á að senda okkur athugasemdir við skilgreiningarnar (sigrunkri (há) frae.is).

Íðorð á ensku	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
e. Vocational education and training (VET)	starfsmenntun og þjálfun	Menntun og þjálfun sem stefna að því að afla fólki þeirrar þekkingar, starfsvits, leikni og/eða færni sem nauðsynleg er í ákveðnum atvinnugreinum eða almennt á vinnumarkaði.
e. Alternance training	víxl nám	Menntun eða þjálfun þar sem á skiptast tímabil í skóla eða fræðslumiðstöð og á vinnustað. Námið getur víxlast milli þessara staða á viku, mánaðar eða árs fresti. Mismunandi er eftir stöðu námsins og löndum hvort þátttakendur eru samningsbundnir atvinnurekanda og/eða eru á launum.
e. Apprenticeship	samningsbundið nám	Skipulagt langtíma starfsnám þar sem skiptist á starf á vinnustað og nám í skóla eða fræðslumiðstöð. Neminn er samningsbundinn atvinnurekanda og fær greidd laun eða annars konar greiðslur. Atvinnurekandinn ber ábyrgð á að sjá nemanum fyrir þjálfun til ákveðins starfs.
e. On-the-job training	starfsþjálfun á vinnustað	Starfsþjálfun sem fram fer á vinnustað. Öll þjálfunin getur farið þar fram eða verið tengd starfsþjálfun utan vinnustaðar.
e. Off-the-job training	starfsþjálfun utan vinnustaðar	Starfsþjálfun sem fram fer utan venjulegs vinnustaðar. Yfirleitt er þessi þjálfun aðeins hluti námsleiðar sem einnig fer fram á vinnustað.
e. Learning content	inntak náms	Þau efnisatriði og athafnir sem sameiginlega mynda það sem einstaklingur eða hópur nemenda lærir meðan á námsferlinu stendur.
e. Learning outcomes / learning attainments	hæfniviðmið	Sú þekking, leikni og/eða færni sem einstaklingur hefur áunnið sér og/eða er fær um að sýna fram á eftir að námi lýkur, hvort sem um er að ræða formlegt, óformlegt eða formlaust nám.